

**Námsáætlun fyrir íslensku - 7. bekkur**  
**Skólaárið 2019 – 2020**



**Kennari: Erla og Helga**

**Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku**

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>-Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a með aðstoð leikrænnar tjáningar.</li> <li>-Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.</li> <li>-Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.</li> <li>-Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.</li> <li>-Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> </ul>	<p>Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum. Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín. Nemendur fá þjálfun í hlustun. Nemendur lesa reglulega upphátt fyrir kennara.</p>	<p>Stóra upplestrarkeppnin. Þátttaka í umræðum og tímavinnu.</p>
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Lesið texta við hæfi með góðum skilningi, lagt mat á hann og túlkað. -Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lesur og skilning á texta.</li> <li>-Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</li> <li>-Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur áhrif á hann.</li> </ul>	<p>Kjalnesingasaga verður lesin ásamt öðrum fjölbreyttum textum og ljóðum. Unnið verður með bragfræðihugtök. Lesskilningur og leshraði eflur með markvissum æfingum.</p>	<p>Verkefni og kannanir úr Kjalnesingasögu og öðrum textum sem lesnir eru. Lestrardagbók. Lesskilningsskannanir. Lesfimiþróf.</p>

	<p>-Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum.</p> <p>-Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusvið og boðskap. --Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.</p> <p>-Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi trúverðugleika upplýsinga.</p> <p>-Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</p> <p>-Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p>		
<p><b>Ritun</b></p>	<p>-Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</p> <p>-Valið textategund, skipulagt og orðað texta svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni.</p> <p>-Samið texta þar sem beitt er sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</p> <p>-Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p>	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær.</p> <p>Ritunaræfingar af ýmsum toga.</p>	<p>Ritunarverkefni.</p> <p>Stafsetningarkannanir.</p> <p>Skriftarkannanir.</p>

	<p>-Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.</p> <p>-Skrifað texta á tölvu, beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísað til heimilda.</p>		
<b>Málfræði</b>	<p>-Gert sér nokkara grein fyrir eigin máli og hafa skilning á gildi þess að bæta það.</p> <p>-Notað allríkulegan orðaforða í Ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.</p> <p>-Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</p> <p>-Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</p> <p>-Notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta.</p> <p>-Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</p> <p>-Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.</p> <p>-Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.</p> <p>-Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. við ritun og stafsetningu.</p>	<p>Einkenni og hlutverk orðflokka skoðuð. Unnið með orðtök og málshætti.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>
<b>Námsgögn:</b>			

Kjalnesingasaga, Þriðji smellur, Málið í mark - Fallorð, Töfraskinna, Orðspor 3 lesbók og vinnubók, Skrudda 1 og 2, kjörbækur, orðabækur og handbækur.

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt og bókstafseinkunn í lokin.